



Hafnarfjarðarbær  
Skipulags- og byggingaráð  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

HP/PS 00.80 Garðabær 16. júní 2020

Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Hafnarsvæði, reitir H1 og H2 – Flensborgarhöfn og hluti Suðurhafnar

Lagt fram erindi frá Umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar, þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem gildir um hafnarsvæði – Flensborgarhöfn og hluti Suðurhafnar.

Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að hugað verði að þeim áhrifum sem aukin umferð á svæðinu hefur á byggðina í nágrenninu og að unnin verði hljóðvistarkort af svæðinu og farið verði í mótvægisáðgerðir á þeim stöðum þar sem hætta er á að hávaði vegna umferðar sé yfir viðmiðunarmörkum.

Þá tekur Heilbrigðisnefnd undir þá áherslu sem lögð er á að við þéttingu byggðar sé horft til lausna í anda sjálfbærrar þróunar og í því sambandi verði hugað að göngustígum og hjólastígum í tengingu við væntanlega borgarlínu, en mikilvægt er að aðkoma gangandi og hjólandi verði sem öruggust að þeim samgöngumannvirkjum sem tengjast borgarlínunni.

Að gefnu tilefni vekur heilbrigðisnefnd athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar, þjónustu og atvinnustarfsemi er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum. Þá vekur heilbrigðisnefnd athygli á að nauðsynlegt er við framkvæmdir á svæðinu sé tekið tillit til þeirrar starfsemi sem er í gangi.

Þá vekur Heilbrigðisnefnd athygli á þeirri staðreynd að skipulagssvæðið nær að hluta til yfir gömul hafnarsvæði og á svæðinu hefur verið mengandi starfsemi. Þannig er hætta á að svæði slíppsins í og við dráttarbrautina sé verulega mengað og nauðsynlegt að það svæði verði rannsakað og hreinsað í samráði við heilbrigðiseftirlitið, þannig að ekki stafi hætta af, fyrir þá starfsemi sem þar á að koma.

Virðingarfyllst,  
f.h. heilbrigðiseftirlits.

Hörður Þorsteinsson  
framkvæmdastjóri